

Mjög áriðandi!

Alþingi
Erindi nr. P 121/2159
komudagur 22.5. '97

Grundartangi, 16.05. 1997

Iðnaðarnefnd Alþingis
Hr. Stefán Guðmundsson

Okkur barst nú í morgun breytingartillaga meirihluta iðnaðarnefndar við frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Skv. 3. tl. breytingatillögunnar er tilgreind grunntala álagningarstofns fasteignagjalds sem kr. 2.393 mkr. og gjaldið skuli vera 0.75% af þeirri grunntölu.

Af þessu tilefni skal áréttað, að í samningi milli íslenska ríkisins og Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahreppa segi svo orðrétt í 2. gr.:

“Í fyrirhuguðum fjárfestingasamningi á milli íslenska ríkisins og álfélagsins er gert ráð fyrir að álfélagið greiði 0.75% fasteignaskatt til hreppanna sem þeir leggja sameiginlega á byggingar, húsnæði og mannvirki í eigu álfélagsins og lóð í eigu ríkisins. Hrepparnir samþykkja nefnt fyrirkomulag og er verðmæti slíkra bygginga, húsnæðis, mannvirkja og lóðar (álagningargrunnur), sem gert er ráð fyrir að þurfi til reksturs álbræðslunnar, kr. 2.393.000.000,- sem samsvarar til 35.706.000,- Bandaríkjadala á grundvelli meðalgengis íslenskrar krónu gagnvart Bandaríkjadala í desember 1996, eins og það er birt af Seðlabanka Íslands. Fasteignaskatturinn miðað við 0,75% af kr. 2.393.000.000,- nemur kr. 17.947.000,-. Skatturinn skal bundinn íslenskri byggingarvísitölu frá 1. desember 1996, sem var 217,8 stig.

Í fylgiskjali II með samkomulagi þessu kemur fram kostnaðarmat mannvirkja og lóðar til fasteignaskatts, sem byggt er á sem álagningargrunni við ákvörðun fasteignaskatts samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Verði breyting á stærð og/eða umfangi bygginga álfélagsins sem leiðir til hækkunar eða lækkunar á byggingarkostnaði umfram kostnaðarmat (álagningargrunn) sem fram kemur í dálki 7 og 8 í **fylgiskjali II** skal fasteignaskattur hækka eða lækka hlutfallslega sem því nemur.

Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur fyrir hvert ár á grundvelli áðurnefnds verðmætis miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á Íslandi í desember næstliðins árs, í fyrsta sinn 1. janúar árið eftir að álverksmiðjan hefur starfsemi sína hér á landi.

Hrepparnir samþykkja að fasteignaskatturinn sem álfélaginu er gert að greiða samkvæmt framangreindu komi í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og í stað sérstaks fasteignaskatts á fasteignir sem nýttar eru til verslunarreksturs eða skrifstofuhalds samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga, svo og annarra samskonar eða efnislega svipaðra skatta sem kunna að verða lagðir á í staðinn fyrir fasteignaskatt.

Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur á sama hátt og venja er um innheimtu fasteignaskatts í hreppunum, skv. II. kafla laga nr. 4/1995” tilvitnun lýkur.

Tillögu meirihluta iðnaðarnefndar má skilja sem svo, að álagningarstofninn 2.393 mkr. sé ákveðinn og óbreytanlegur óháð raunkostnaði mannvirkjanna. Ef þessi skilningur er réttur er tillagan ekki í samræmi við framangreindan samning ríkisins og hreppanna.

Sé svo þarf að breyta tillögunni efnislega þannig að hún sé í samræmi við samninginn. Önnur niðurstaða er óásættanleg og bæri ríkissjóður þá fjárhagslega ábyrgð á þeirri fjárhæð sem á milli ber skv. 10. gr. samningsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Skilmannahrepps


Marinó Tryggvason

f.h. Hvalfjarðarstrandarhrepps


Jón Valgarðsson

Samrit til:

Jón Sveinsson fax. 562 7767
Jón Ingimarsson fax. 562 1289
Jónas A. Aðalsteinsson fax. 568 6269